



# Ársskýrsla 2013

---

*Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

Ólafur H. Sigurjónsson skólameistari, uppfært í apríl 2014.



## Efnisyfirlit:

1. Inngangur og prófíll.....bls 1
2. Nemendur.....bls 2
3. Námið.....bls 3
4. Kennsla og stjórnun.....bls 3
5. Mat og framkvæmd markmiða.....5
6. Rekstur og fjármál.....bls 7
7. Samstarf ofl.....bls 7
8. Viðauki með talnaefni.....bls 8

### 1. Inngangur og prófíll.

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum (FÍV) greinir frá helstu þáttum skólstarfsins á árinu 2013. Í heild sinni hefur skólstarfið gengið vel, þrátt fyrir naumt skammtað rekstrarfé. Starfsfólk og nemendur eru ánægð og bæjarbúar eru sáttir með skólann og námsframboð hans. Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu [www.fiv.is](http://www.fiv.is)

#### „Prófíll fyrir FÍV árið 2013“:

**Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:** Húsnæði skólans er 3170 m<sup>2</sup>. Á vorönn voru nemendur 245, en 241 á haustönn. Starfsmenn voru að jafnaði 40, í 30 stöðugildum.

**Námsframboð:** Skólinn býður nám til stúdentsprófs á fimm brautum, náttúrufræðibraut og félagsfræðibraut eru fjölmennustar með 61% nemenda, almenn braut er með 13%, verknám er á 5 brautum og þar eru 21% af nemendum. Starfsbraut fatlaða (6 nem) og hagfr. og málab. 5%.

**Framkvæmd markmiða:** Á árinu hefur verið unnið að því, að draga úr brottfalli og forvarnir hafa verið eflar. Þetta og starfið í íþróttakdemíunni hefur gerbreytt skólabraginum. Ekki tókst að halda rekstrarkostnaði innan áætlunar, en það var ekki langt frá því.

**Umbótaþættir eftir sjálfsmat:** Áfram þarf að huga að brottfallinu, en það er þó á niðurleið. Enn þarf að yfirfara fáeina kafla í skólanámsskrá. Á haustönn hófst undirbúningur að fleiri áfangar væru í boði í fjarkennslu, sérstaklega til að fjölga nemendum, því næstu ár koma litlir árgangar.

**Úttektir:** Úttekt á stærðfræðikennslunni var unnin í október, en niðurstöður eru ekki komnar. Einnig var gerð úttekt á vef skólans og niðurstaðan var 82 stig af 100. Það fleytti okkur í sæti 56-69 af 266 opinberum vefjum sem voru til athugunar.

**Afkoma, rekstrarstaða:** Halli á rekstri skólans var 1,3 milljónir á árinu (0,5 %), og 8,1 millj. frá árinu 2012, gerir 9,4 milljóna skuldahala.

**Brottfall:** Reiknað út frá áfangalistum er brottfall 9,5% á vorönn og á haustönn 7.0%. Meðaltalið er 8,25%. Á árinu 2012 var meðalbrottfall 10,5%.

**Stjórnun:** Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri (samt. 3,29 stg).

**Samvinna við aðra:** Samstarfsskólar okkar eru MÍ, FNV og VA. Á heimaslóðum eru það helst Íþróttabandalag Vestm. vegna Íþróttakademíu og Nýsköpunarmiðstöð vegna FabLab stofu. Einnig eigum við samvinnu við atvinnulífið, sérstaklega Vinnslustöðina og Eyjablökk.

**Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:** Aðaláherslur snúast um að þjóna nemendum í Eyjum eins vel og hægt er. Fjölbreytt námsframboð og góð tengsl við foreldra, félög og fyrirtæki í Eyjum, eru aðalatriði í þeirri viðleytni.

## 2. Nemendur.

Fjöldi nemenda sem skráðu sig í skólann, voru í upphafi vorannar 249 og í upphafi haustannar 273. Þegar búið var að hreinsa út þá nemendur sem aldrei komu eða hættu mjög fljótlega voru nemendur 245 á vorönn (lítil breyting) og 241 á haustönn (mikil afföll). Í lok vorannar tóku 221 próf, en á haustönn tóku 235 próf. Þegar líður á önnina hætta alltaf einhverjir, alveg eða í einstökum áföngum, af ýmsum ástæðum, á vorönninni hætta 24 (9,8%) fleiri en venjulega. Á haustönninni hætta mjög fáir, eða bara 6 (2,5%) eftir að hreinsað var út þá sem hætta straks eða komu ekki. Það er ekki nýtt að margir hætta við nám á haustinn, nemendur innrita sig á vorin fullir af góðum fyrirætlunum, en breyttar aðstæður að hausti kalla oft á nýjar ákvarðanir. Orðið er árvisst hér í Eyjum að mikil uppgrip eru í vinnu allt sumarið og langt fram á haustið. Nú voru óvenju margir sem við áttum von á í skólann, sem frestuðu skólagöngu vegna góðra tekna sem í boði voru. Á móti kemur að þeir nemendur sem hætta í skólanum þegar nálgast haustpróf voru mun færri en venjulega. Útkoman úr prófum var hinsvegar góð, færri féllu og þannig skiluðu nemendur að meðaltali fleiri stöðnum einingum hver. Reiknaðir ársnemar voru 224 á árinu 2012 og þá var meðal fjöldi sem tóku próf 235 (95% nýting), á árinu 2013 voru meðalpróftakar 228 en skiluðum samt 227 ársnemunum (99,6%) þremur meira en árið árið. Langflestir nemendur FÍV eru á hefðbundnum framhaldskólaaldri 16 - 19/20 ára, eða rúmlega 80%. Heimasvæðið er auðvitað Vestmannaeyjar og þaðan koma 94% nemenda.

### Fundir og viðburðir sem snúa að nemendum:

A) Forvarnir: Í janúar horfðu allir nemendur og flestir starfsmenn á myndina "Fáðu Já" og ræddu um hana. Í febrúar voru fundir um ruslflokkun, umgengi og forvarnir varðandi tölvufíkn. Í mars var Marita-fræðslan um skaða vímuefna fyrir alla nemenda og foreldra. Í apríl fengum við gesti sem kynntu samning Sameinuðu þjóðanna fyrir fatlaða. Á haustönn komu læknanemar í sept. með kynfræðslu fyrir fyrsta árið. Í október var tveggja klukkustunda skólafundur undir stjórn forvarnarfulltrúa skólans um skaðsemi áfengis og tóbaks. Unnið var á 18 borðum og nemendur voru stolt af því hve margir nota ekki þessa vímuefni. Það var staðfest í könnun sem náði yfir

alla framhaldskóla. Í nóvember var svo fundur um einelti og þjóðarsáttmála gegn einelti. Sem betur fer er mælist einelti nánast ekki í sjálfsmati skólans og fyrir það fá nemendur hrós.

B) Ýmsar uppákomur: 27/2 til 1/3 voru skapandi dagar, með fjölbreyttum verkefnum og vel heppnaðri árshátíð. Í mars komu háskólanemar og kynntu nám í tæknigreinum fyrir 1. árið.

17. sept: Gönguferð yfir Fimmvörðuháls, 18 nemendur og fimm fullorðnir.

15. apríl: Árlegur kynningarfundur fyrir væntanlega nýnema haustannar og foreldra þeirra.

Í lok vorannar 2013 var skólamat lagt fyrir nemendur, þar sem spurt er um flesta þætti skólastarfsins, nám, kennslu, aðstöðu, starfsfólk ofl. Ánægja nemenda með skólastarfið er heldur minni en á árinu áður og ánægja með námsframboð minnkar einning. Þetta speglar samdráttinn í rekstri, færri áfangar eru í boði og hópar eru stærri.

Áfangamat var ekki lagt fyrir á haustönn eins og venja er, en verður lagt fyrir á vorönn 2014 vegna þess að margir áfangar á vori eru ekki á haustönn. Niðurstöður skólamats eru notaðar í sjálfsmati skólans og sjálfsmatsskýrsla skólans 2013 kemur út á sama tíma og ársskýrslan. Báðar skýrslurnar eru á heimasíðu skólans.

### 3. Námið.

Skólinn rekur bæði verknámsbrautir og bóknámsbrautir, auk starfsbrautar. Á árinu 2013 voru nemendur skráðir á 16 mismunandi brautir. Skipting nemenda á brautir er svipuð og undanfarin ár, félagsfræði- og náttúrufræðibraut eru með flesta nemendur, samtals 61% nemenda, almenn braut er með upb 13% og verknámsbrautir 21% (sjá nánar kafla 7, talnaefni).

Auk hefðbundna námsbrauta er skólinn með námstilboð þvert á brautir, aðallega í íþróttum og listum. Skólinn rekur íþróttakademíu í samstarfi við ÍBV-íþróttafélag og þar stunduðu 39 nemendur fótbolta og handbolta, þrekbjálfun og fræðslu um heilsuna, mataræði og fleira. Skólinn rekur listaakademíu, sem er einskona "hattur" yfir listatengt nám sem í boði er, ýmist áfangar sem standa alla önnina, eða styttri námskeið sem gefa einingar.

Á árinu 2013 voru 52 nemendur útskrifaðir frá skólanum, 47 með stúdentspróf (32 stúlkur og 15 piltar) 5 stúdentar luku einnig lokaprófi af öðrum brautum, 3 sjúkraliðar, 1 vélstjóri með B-réttindi og 1 af grunndeild rafiðna, auk þess luku 3 aðrir þeirri braut og 2 voru útskrifaðir af starfsbraut fatlaða eftir fjöggra nám .

Í nóvember voru birtar tölur frá menntamálaráðuneytinu um hversu langan meðalnámstíma nota framhaldsskólarnir til að mennta stúdenta. Okkar skóli var fljótastur með 3,6 ár.

### 4. Kennsla og stjórnun.

Kennsluhættir í skólanum eru mjög fjölbreyttir, námið er bæði bóklegt og verklegt. Nemendur hafa misjafna námsgetu, eins og búast við í blönduðum hópi. Mikil vinna er sett í að mæta hverjum og einum, með því að bjóða upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Kennararnir láta nemendur hafa kennslu- og námsáætlun í öllum áföngum sínum, þar sem hvernig kennslu og námsmati er háttað. Í langflestum

áföngum eru lokapróf, en vægi þeirra er frá 30%-70%. Flestir kennarar nota námsvef, Moodle, til að styðja við áfanganna og vera í beinu sambandi við nemendur, sumir eru líka farnir að nota Facebook.

Á árinu 2013 voru að jafnaði 39 starfsmenn í 30 stöðugildum. Í kennslu, stjórnun og námsráðgjöf voru 27 (14 karlar og 13 konur) og í öðrum störfum voru 12 (1 karl og 11 konur). Dagleg stjórnun skólans er í höndum skólameistara og tveggja aðstoðarstjórnenda, það eru aðstoðarskólameistari og áfangastjóri með 77% stjórnunarhlutfall hvor. Námsráðgjafi er í 60% starfi, fjármálastjóri er í 75% starfi og kerfisstjóri er í hálfu starfi, á móti kennslu. Skrifstofustjóri, bókavörður og umsjónarmaður húseigna eru í fullu starfi og hafa þau talsverða ábyrgð á sínu sviði. Undanfarin ár hefur dregið mjög úr breytingum á starfsmannahópnum. Margir eru komnir með langan starfsaldur og búast má við breytingum í starfsmannahópnum á næstu árum. Nú erum við búinn að innleiða opinn hugbúnað, sem er um leið ókeypis.

Í tveimur töflum hér að neðan má sjá menntun og starfsaldur kennara skólans 2013:

#### Menntun kennara og stjórnenda

Menntun kennara og stjórnenda	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Samtals	%
	Karlar	Konur	Karlar	Konur		
Fagpróf	1		3		4	14,8
BA/BS				1	1	3,7
BA/BS + viðbótarháskólanám		1			1	3,7
Doktorspróf		1			1	3,7
Fagpróf, kennsluréttindi	1				1	3,7
Fagpróf, kennsluréttindi, viðbótarháskólanám		1			1	3,7
BA/BS, kennsluréttindi	2			1	3	11,1
BA/BS, kennsluréttindi, viðbótarháskólanám	6	2		4	12	44,4
Meistarapróf, kennsluréttindi	1	2			3	11,1
<b>Samtals:</b>	11	7	3	6	27	

## Starfsaldur kennara og stjórnenda

Starfsaldur kennara og stjórnenda	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Samtals	%
	Karlar	Konur	Karlar	Konur		
0-5		4	3	5	12	44,4
6-10	2			2	5	18,5
11-15	1				1	3,7
16-20	1				1	3,7
21-25	3				3	11,1
26-30	4	2			6	22,2
<b>Samtals:</b>	11	6	3	7	27	

## 5. Mat og framkvæmd markmiða.

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum notar stefnumiðað árangursmat við innra mat skólans og hefur tækið þá kosti helsta að það er auðvelt að aðlaga það breytingum sem verða í skólastarfinu á hverjum tíma. Skólanámskrá er greind í ákveðna þætti eftir viðfangsefnum, þeir settir í skorkort og markmið og mælingar á þeim ákveðin. Öflun gagna og tölfræðileg úrvinnsla, þegar það á við er unnin í skólanum. Gögnin eru rýnd á stjórnendafundum og öðrum fundum starfsfólks. Eftir það eru tillögur um úrbætur settar fram. Að endingu eru settar upp helstu áherslur og gerð áætlun um matsverkefni og umbætur fyrir næstu skólaár.

Í 5 gr. skólasamnings Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum við Mennta- og menningar-málaráðuneytið er kveðið á um að skólasamningunum fylgi viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið næsta árs eru sett skipulega fram. Í viðauka skólasamningsins fyrir árin 2013-2015 eru sett fram fimm markmið.

1. Auka ánægju nemenda með námsframboðið.

### Framkvæmd

Nemendur gerðir meðvitaðri um inntak námsbrauta með gerð námsáætlanna þar sem þeir skipuleggja nám sitt. Náms- og starfsráðgjafi tekur viðtöl við alla nýnema ásamt forráðamönnum þeirra. Umsjónakennarar fara yfir námsval með nemendum.

Staðan 2012, upphafsstaða	2013	Markmið 2014
53% nemenda ánægðir	51% nemenda ánægðir	70% ánægðir

2. Draga úr brottfalli

**Framkvæmd:**

Forráðamenn ólögráðanema fá reglulega send yfirlit um ástundun nemenda. Haft samband við þá nemendur sem ekki eru að stunda nám sitt, kennarar, náms-starfsráðgjafi auk stjórnenda, forráðamenn hafðir með í ráðum.

Staðan 2012, upphafsstaða	2013	Markmið 2015
10,5%.	8,25%.	Ekki meira en 7%

3. Að framhaldsskólabraut og viðeigandi áfangalýsingar verði skráð í námskrárgrunn á vorönn 2013.

Lokið, samstarfsverkefni þriggja skóla og tók einn skólinn að sér að skráningu í námskrárgrunn.

4. Að auka jákvætt viðhorf nemenda til skólans

**Framkvæmd:**

Nemendur gerðari virkari í mótun skólastarfsins með því að halda skólafundi um mikilvæg málefni og meira samstarfi við nemendafélag skólans.

Staðan 2012, upphafsstaða	2013	Markmið 2014
72%	75%	80%

5. Þarfagreining og kynning á starfsnámi og þá sérstaklega í málmiðngreinum verði lokið á haustönn 2013.

**Framkvæmd:**

Sérgreinakennari í málmiðngreinum fór á alla vinnustaði þar sem málmiðnaðarmenn starfa og fundaði með forsvarsmönnum fyrirtækjanna og starfsmönnum.

Lokið. Nemendum fjölgaði í kjölfar kynningar í málmiðngreinum .

6. Að virkja umsjónakennara í ríkara mæli og auka samvinnu við forráðamenn nema sem eru yngri en 18 ára.

Framkvæmd þessa markmiðs hófst á skólaárinu 2013-2014 og standa mælingar yfir.

**Eftirfylgni sjálfsmats**

Skólinn setur niðurstöður sínar úr sjálfsmati fram í skorkorti og þegar markmiðin nást ekki er sett fram aðgerðaáætlun um hvað megi gera betur og hvernig. Þeir þættir sem eru ekki samkvæmt markmiðum sem við setjum, snúa að námsframboði og fjárhagsáætlunum skólans. Námsframboðið er til sérstakrar skoðunar eins og fram kemur í viðauka við skólasamning. Fjárhagsáætlanir eru erfiðar sökum sífells niðurskurðar, en stöðugt er verið að huga að sparnaðar-leiðum en því miður þá er svo komið að það verður einungis gert með enn meiri niðurskurði.

## 6. Rekstur og fjármál.

Rekstur skólans hefur verið erfiður undanfarin ár og horfa þarf í hverja krónu, eins og hjá öðrum ríkisstofnunum. Launaliðurinn er langstærstur og er hækkandi hlutfall af heildarrekstrar-kostnaði. Rekstur skólans á árinu 2013 var heldur betri en á árinu 2012, fór aðeins 1,3 milljónum framúr rekstraráætlun sem er 0,5% af rekstrarkostnaði. Skuld uppá 8,1 milljón frá árinu 2012 fór yfir á árið þannig að hallinn er 9,4 milljónir. Þessi skuldahali gerir stórt strík í reksturinn og kemur í veg fyrir að hægt að endurnýja tæki og annan búnað. Það sjá allir sem vilja sjá að útilokað er að reka skólann þegar launakostnaður er 82% og húsnæði 13,4% af heildinni. Þá eru eftir rúmlega 4% til að standa undir daglegum rekstri, þjónustu og eignakaupum (tæki og húsgögn). Við höfum reynt að auka sértekjur, sem oft hefur bjargað okkur. Nú undanfarin ár þá hækkar bara áætlaðar sértekjur í fjárlagagerðin, ef við hækkuum og niðurstaðan verðu lítil nettó hækkun, en í raun hækka laun og öll aðföng. Þessu verður að breyta annars fara allir skólarnir á hausin. Rekstrarkostnaður í heild var 236.5 milljónir á árinu 2013, en rekstraráætlun fyrir árið 2014 er 233,2 milljónir (þar af er gert ráð fyrir 13, 6 milljónum í sértekjum, sem eru ótryggar)

## 7. Samstarf ofl.

Skólinn átti gott samstarf við marga á árinu, eins og undanfarin ár. FÍV og samstarfsskólar okkar MÍ, FNV og VA unnu áfram að gerð framhaldskólabrautar, sem er aðallega ætluð þeim sem illa gengur í hefbundnu námi. Þessu verki er lokið og hver skóli getur útfært brautina í takt við sýnar aðstæður. Við vorum einnig aðili að raunmati fyrir skipstjónarnám ásamt Tækniskólan og fleirum. Nokkrir nemar hafa skráð sig í nám á vorönn 2014 í skipstjórn. Skólinn er aðili að menntahópi íslenska sjávarklasans, þar sem verið að gera athyglisverða tilraun til að tengja saman skóla og fyrirtæki sem tengjast hafinu á einhvern hátt. Framhaldsskólinn og Íþróttabandalag Vestmannaeyja standa saman að íþróttakademíu, sem er vinsæl hjá nemendum (39 nemar á haust 2013) og er mikilvæg í agauppeldi. Skólinn er tengdur Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, ásamt Þekkingarsetri Vestmannaeyja, sem tengir saman ýmsar rannsóknarstofnanir og aðrar stofnanir í Eyjum. Nýsköpunarmiðstöð Íslands í Vestmannaeyjum rekur FabLab setur og á gott samstarf við skólann, sem notar þessa aðstöðu töluvert til kennslu. Grunnskólinn í Eyjum skilar nær öllum nemendum sínum til FÍV og eðlilega vinna þessir skólar saman að velferð og gæðum náms í sameiningu. Auk þess nýta þeir aðstöðu skólanna saman, Framhaldsskólinn fær aðgang að góðu og vel búnu kennslueldhúsi fyrir starfsbrautina og námskeið, en Grunnskólinn fær aðgang að málmsmíðasal og kennara í málmi og suðu, fyrir valgreinar í efri bekkjum. Rétt er einnig að halda því til haga, að skólinn á einnig mjög gott samstarf við mörg fyrirtæki og stofnanir í Vestmannaeyjum.

Gert í apríl 2014

Ólafur H. Sigurjónsson skólameistari FÍV



### 8. Viðauki með talnaefni.

Skipting nemenda eftir brautum							
<i>Braut</i>	<i>Heiti brautar</i>	<i>Fjöldi vor 2011</i>	<i>Fjöldi haust 2011</i>	<i>Fjöldi vor 2012</i>	<i>Fjöldi haust 2012</i>	<i>Fjöldi vor 2013</i>	<i>Fjöldi haust 2013</i>
AN	Almenn námsbraut	11	10	3	6	7	8
AN-bók	Almenn námsbraut- bóknámslína	19	20	13	17	18	14
AN-íþr	Almenn námsbraut - íþróttalína	8	7	7	4	3	3
AN-ver	Almenn námsbraut- verknámslína	3	9	7	4	3	5
FÉ	Félagsfræðibraut	90	89	82	84	85	79
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina				1		
GR06	Grunnnám rafiðna	8	12	16	12	11	5
HÚ9	HÚSASMÍÐI, samningsb. iðnnám						
MB	Málabraut	3	1	3	3	1	3
MG	Grunnnám í málm- og véltækni	6	3	4	3	4	4
NÁ	Náttúrufræðibraut	63	74	66	82	68	68
ÓTN	Ótilgreint nám	2			6	2	4
SJ	Sjúkraliðabraut	13	10	11	11	9	9
SK1	Skipstjórnarbraut SB, 45 metra skip			1		1	8
STB	Starfsbraut	4	4	6	6	6	6
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	3	2	0	2	2	1
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	5	2	4	7	5	3
VI	Viðskiptabraut	1					
VV2	Vélstjórnarbraut 2. stig	1	1				
VA	Vélstjórnarnám A réttindi	2	1	1	3	2	9
VB	Vélstjórnarbraut B réttindi	24	13	16	14	18	12
	<b>Samtals</b>	<b>266</b>	<b>258</b>	<b>240</b>	<b>265</b>	<b>245</b>	<b>241</b>

<b>Hlutfallsleg skipting nema eftir námsstöðu</b>						
<b>Fjöldi lokinna eininga</b>	<b>Vor 2011</b>	<b>Haust 2011</b>	<b>Vor 2012</b>	<b>Haust 2012</b>	<b>Vor 2013</b>	<b>haust 2013</b>
0-20	29,70%	28,30%	10,7%	24,90%	22,90%	35,50%
21-40	18,40%	17,80%	21,7%	15,30%	19,30%	14,30%
41-60	14,70%	15,10%	16,4%	15,70%	15,70%	15,00%
61-80	14,70%	15,50%	12,7%	9,60%	10,4%	11,00%
81-100	9,00%	9,30%	14,3%	11,70%	13,30%	9,50%
101-120	7,90%	7,80%	9,00%	9,60%	9,20%	7,00%
121-140	4,90%	5,40%	8,60%	8,90%	6,40%	5,90%
141-	0,80%	0,80%	6,60%	4,30%	2,80%	1,80%

<b>Hlutfallsleg skipting nema eftir búsetu</b>		
	<b>Vor 2013</b>	<b>haust2013</b>
Álftanes		0,4%
Bakkafjörður	0,4%	
Egilsstaðir	0,4%	
Eskifjörður		0,4%
Grindavík		0,4%
Hafnarfjörður	1,2%	0,7%
Hvolsvöllur	0,8%	0,7%
Keflavíkurflugvöllur	0,4%	
Kópavogur	0,4%	
Mosfellsbær	0,4%	0,4%
Reykjavík	2,0%	0,4%
Selfoss		0,4%
Stokkseyri		0,4%
Vestmannaeyjar	93,6%	95,2%

<b>Hlutfallsleg skipting nema eftir árgöngum</b>				
<b>Árgangur</b>	<b>Vor 2012</b>	<b>Haust 2012</b>	<b>Vor 2013</b>	<b>Haust 2013</b>
1957		0,40%		0,42%
1958	0,40%		0,41%	0,42%
1960	0,80%			
1961	0,80%	0,40%	0,82%	
1962	0,40%	0,40%	0,41%	
1963		0,40%	0,41%	0,42%
1965	0,40%			
1966	1,60%	0,70%	0,41%	0,83%
1968		0,40%		
1969	0,40%			
1970	0,80%	0,40%		
1972				0,83%
1973		0,40%	0,41%	0,83%
1974	0,40%	0,40%	0,41%	0,83%
1975	0,80%	0,70%	1,22%	0,42%
1976			0,41%	
1979		0,40%	0,82%	
1980		0,40%		
1981	0,40%	0,70%	1,22%	1,25%
1982		0,40%		
1983				0,42%
1984	0,40%			0,42%
1985		0,70%		0,83%

1986	0,40%	0,70%		
1987	0,80%	1,40%	0,82%	1,25%
1988	0,80%	0,70%	1,63%	0,42%
1989	2,00%	1,10%	0,41%	1,67%
1990	5,20%	3,20%	3,67%	1,67%
1991	4,40%	3,90%	2,86%	2,50%
1992	13,70%	7,80%	7,35%	2,92%
1993	22,60%	16,40%	12,65%	5,00%
1994	23,40%	20,30%	21,63%	10,83%
1995	19,00%	14,90%	17,55%	13,75%
1996		22,80%	24,49%	23,33%
1997				28,75%

Hlutfallsleg skipting nemenda eftir kyni		
	Vor 2013	Haust 2013
KK	54,29%	57,92
KVK	45,71%	42,08

Fjöldi útskrifanema eftir brautum	FÉ	MB	NÁ	VH	SJ	STB	VSS	VA	VB	GR06	VV2	Samtals
Vor 2011	6		5	1	1	1	1		3		1	19
Haust 2011	6		7	1			1			3		20
Vor 2012	11		7		1			1	3			23
Haust 2012	4	1	10	1	1							17
Vor 2013	11		9			2	3		1			26
Haust 2013	8	1	9	1	3		5			5		32

Fjöldi útskriftanema eftir kyni	KVK	KK
<i>Vor 2011</i>	10	9
<i>Haust 2011</i>	11	9
<i>Vor 2012</i>	8	15
<i>Haust 2012</i>	10	7
<i>Vor 2013</i>	17	8 <sup>1</sup>
<i>Haust 2013</i>	15 <sup>2</sup>	13 <sup>3</sup>

	Kenndir tímar	Kenndir tímar í sérdeild m. álagi	Samtals tímar	Meðalfjöldi nemenda í hóp <sup>4</sup> Allir hópar	Meðalfjöldi í hóp <sup>5</sup> eingöngu bóknám
<b>Haust 2009</b>	455,5	35,5	491	17,3	22
<b>Haust 2010</b>	463,0	38,5	501,5	18,2	20,4
<b>Haust 2011</b>	433,0	38,5	471,5	19,2	21,9
<b>Haust 2012</b>	457,5	40,0	497,5	16,3	18,6
<b>Haust 2013</b>	437,0	40,0	477,0	17,5	19,25

<sup>1</sup> Einn útskrifaðist af tveimur brautum

<sup>2</sup> Þrjár útskrifuðust af tveimur brautum.

<sup>3</sup> Einn útskrifaðist af tveimur brautum

<sup>4</sup> Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

<sup>5</sup> Hópar í sérdeild eru ekki taldir með

<b>Fjöldi nemenda í hóp<sup>6</sup></b>			
<b>Bóknám og verknám</b>	<b>Fjöldi hópa 2011</b>	<b>Fjöldi hópa 2012</b>	<b>Fjöldi hópa 2013</b>
5-10	17	27	17
11-15	10	14	16
16-20	12	19	21
21-25	23	18	19
26-30	11	17	10
30-	0	1	2
<b>Samtals:</b>	<b>70</b>	<b>81</b>	<b>85</b>

---

<sup>6</sup> Á haustönn